

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1998

20. mars 1998

491

Nr. 170

GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Kópavogi.

1. gr.

Af hundum í Kópavogi skal bæjarsjóður Kópavogs innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 455/1997 um hundahald í Kópavogi.

2. gr.

Við umsókn um skráningu skal innheimta gjald sem hér segir:

	kr.
Skráning	8.400
Skráning eftir útrunninn frest.....	12.200
Bráðabirgðaskráning	2.100

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

	kr.
Einn hundur.....	6.000

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

	kr.
Afhending.....	10.000

Fyrsta afhending skráðs hunds og ef eftirlitsgjald

	kr.
og vottorð er í skilum við handsömun.....	5.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 15. mars og eindagi 15. maí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Kópavogs er heimilt að lækka gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming. Heimilt er að fella niður gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til Heilbrigðiseftirlits Kópavogs.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 187/1997.

Umhverfisstjórnuneytinu, 20. mars 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.